



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

JARÐHITASVÆÐIÐ URRÍÐAVATNI
Varmavinnsla og efnainnihald vatns

Jón Benjamínsson

OS-84114/JHD-50 B

Desember 1984



ORKUSTOFNUN
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

JARÐHITASVÆÐIÐ URRÍÐAVATNI
Varmavinnsla og efnainnihald vatns

Jón Benjamínsson

OS-84114/JHD-50 B

Desember 1984

EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 INNGANGUR	5
2 VARMAVINNSLA	7
3 HOLA 4	9
4 HOLA 5	10
5 TENGL HOLA 4 OG 5	12
6 HOLA 6	13
7 HOLA 8	14
8 GAS	17
9 SÚREFNI	20
HEIMILDIR	24
VIÐAUKAR	25
Viðauki I: Daglegar mælingar við holu 4 árið 1983; straumur, spenna, þrýstingur á dælu, þrýstingur á kerfi, niðurdráttur, vatnshiti, vatnsmagn	25
Viðauki II: Daglegar mælingar við holu 5 árið 1983; straumur, spenna, þrýstingur á dælu, þrýstingur á kerfi, niðurdráttur, vatnshiti, vatnsmagn	29
Viðauki III: Daglegar mælingar við holu 6 árið 1983; straumur, spenna, þrýstingur á dælu, þrýstingur á kerfi, niðurdráttur, vatnshiti, vatnsmagn (mælistaða)	35

MYNDASKRÁ

	Bls.
1 Staðsetning borhola	6
2 Varmaorkuvinnsla úr borholum	7
3 Heildarvatnsmagn dælt úr holum 4, 5 og 6 árið 1983	8
4 Heildarvarmaorkuvinnsla Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella í terajoule (TJ) úr borholum á jarðhitasvæðinu að Urriðavatni miðað við 4 °C	8
5 Hóla 4. Hitastig og klórgildi á móti tíma	10
6 Hóla 5. Hitastig og klórgildi á móti tíma	10
7 Hóla 5. Hitastig vatns og dæling úr holu 5 meðan hóla 8 var boruð	11
8 Sjálfrennsli H4 og vatnshiti H5 við og eftir 25 mín. dælingu úr H5 hinn 13. mars 1984	12
9 Hóla 6. Hitastig og klórgildi á móti tíma	13
10 Hóla 8. Númer vatnssýna ásamt dýptarbili þar sem vatnið gæti hafa komið inn í holuna	15
11 Sýnatökustaðir við súrefnismælingar	18

TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1 Varmaorka úr holum 4, 5 og 6 í nóvembermánuði 1981, 1982 og 1983 miðað við nýtingu niður í 37°C og 32°C	8
2 Styrkur nokkurra efna í vatni úr borholum 4, 5 og 8 safnað 11. mars 1984	14
3 Efnainnihald vatns úr borholu 8 árið 1983	16
4 Rúmmálshlutfall gass í stofnæð	17
5 Samsetning og hlutfall gass (04/02/85) í borholu 8 og kyndistöð - úttak	19
6 Súrefnismæling 8. ágúst 1983	20
7 Súrefnismælingar 5. mars 1984	20
8 Súrefnismæling 8. mars 1984	21
9 Súrefnismælingar 11. mars 1984	21
10 Súrefnismælingar 13. mars 1984	22
11 Uppleyst súrefni í vatni Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella teknu í mars 1984 úr vinnsluholum og stofnæð	23

1 INNGANGUR

Í skýrslu þessari er gerð grein fyrir gasi, súrefni og efnainnihaldi vatns í vinnsluholum Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella og jafnframt er yfirlit um varmvinnslu úr jarðhitasvæðinu Urriðavatni.

Á síðastliðnu ári, 1983, voru boraðar tvær holur í jarðhitasvæðið. Hola 7 var kjarnaboruð með Drífanda 15/4-18/5 (verknúmer 5682) niður í 344,7 m dýpi og var tilgangurinn fyrst og fremst að ákveða halla á meginvatnsleiðara jarðhitastaðarins. Að þeirri borun lokinni var hola 8 valinn staður og hún boruð 2/8-16/11 af Narfa (verknúmer 2037) niður á 1006,6 m dýpi. Vatn kom í holuna á 500 m dýpi en aðalvatnsæðarnar eru á 700-900 m dýpi. Nú (apríl 1984) er dælt 23-24 l/s af 76,7°C heitu vatni úr holunni. Einnig er unnið vatn úr holu 5, en á henni er sjálfvirkur búnaður er setur dæluna í gang þegar hola 8 fullnægir ekki vatnspörfinni. Áformað er að setja afkastameiri dælu í holu 8 svo að hún ein anní heitavatnspörf hitaveitunnar. Mynd 1 sýnir afstöðu borholanna á svæðinu.


Í skýrslu Verkfræðistofu Austurlands hf. um Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella (Sveinn Þórarinnsson 1982) er gert ráð fyrir nýtingu vatnsins niður í 37°C. Miðað við framanskráða nýtingu gefur fyrsta reynsla af holu 8 vonir um allt að þreföldun á því varmaafli sem hitaveitan hafði áður (Þorsteinn Þorsteinsson, munnl. uppl. 1984).

Með tilkomu holu 8 var notkun holu 6 hætt og flutt úr henni dælan í holu 8. Þá var dælingu hætt úr holu 4 í desember 1983 en hola 5 er notuð til að fylla miðlunartankinn ef með þarf. Á milli þess sem hola 5 er í gangi er sjálfrennsli úr holu 4.

Með vatninu úr holu 8 kemur allmikið gas sem þyrfti að losna við áður en það fer út í dreifikerfið. Uppleyst súrefni er svipað og mældist í hinum vinnsluholum og súrefni gengur ekki í vatnið í miðlunartankinum í sama mæli og áður.

Mynd 1

URRIDAVATN AFSTÖÐUMYD



JHD-JEF-7506-JBen/GG
83.01. 0129. '00



Vinnslusvæði
hita veitu
Egilsstaða-
hrepps og Fella

Midlungartankur

Kyndistöð



Hlaðir

FLJÓTIÐ

Eyvindará

Egilsstaðir


Dæluskúr



2 VARMAVINNSLA

Í skýrslu eftir Jón Benjamínsson o.fl (1982) er tekin saman orkuvinnsla hitaveitunnar fram til haustsins 1982. Þar er einnig bent á samband vatnshita við þá orku sem unnin er úr kerfinu og takmörkun hennar við þáverandi aðstæður. Nú hafa veður skipast þannig með tilkomu holu 8, að djúpdælan hefur verið tekin úr holu 6 og dælingu hætt úr holu 4 en hola 5 notuð til að fylla miðlunartankinn þegar þörf er á. Mynd 2 sýnir mánaðarlega varmaorkuvinnslu úr holunum frá upphafi í teraJoule (TJ) reiknað frá 4°C hita. Á myndina er einnig skráð ársvinnsla úr hverri holu. Þar sést hvernig orkuvinnsla úr holu 4 hefur farið lakkandi frá ári til árs, en það stafar að mestu af fallandi hitastigi vatnsins. Það sama má reyndar segja um holu 5, en þar spilar einnig inn í að þegar hola 6 var tekin í notkun var settur sjálfvirkur rofi á dæluna í holu 5 og hún notuð til að fylla miðlunartankinn er vatn úr holum 4 og 6 nægði ekki.



Í töflu 1 er dregið saman það orkumagn sem hefði fengist úr holum 4, 5 og 6 í nóvember árin 1981, 1982 og 1983 miðað við full afköst holanna og nýtingu niður í 32°C og 37°C.



TAFLA 1 Meðal varmaorka á klukkustund úr holum 4, 5 og 6 í nóvembermánuði 1981, 1982 og 1983 miðað við nýtingu niður í 37°C og 32°C

	1981		1982		1983	
	Nýting niður í 37°C GJ/klst	Nýting niður í 32°C GJ/klst	Nýting niður í 37°C GJ/klst	Nýting niður í 32°C GJ/klst	Nýting niður í 37°C GJ/klst	Nýting niður í 32°C GJ/klst
Hola 4	3,74	4,72	2,99	3,96	2,48	3,46
Hola 5	3,20	4,25	2,92	3,96	2,38	3,42
Hola 6			1,94	2,34	1,51	1,80
Samtals	6,94	8,97	7,85	10,26	6,37	8,68

Þar sést einnig þessi lækkan. Mynd 3 sýnir að á árinu hefur verið dælt nokkuð jafnt úr holunum en það undirstrikar að þverrandi varmaorka er vegna lakkandi vatnshita. Mynd 4 sýnir heildarvarmaorkuvinnslu á Urriðavatnssvæðinu í teraJoule. Þar sést að varmaorkuvinnslan hefur verið mjög svipuð síðastliðin þrjú ár, það er 1981, 1982 og 1983. Á myndinni sést einnig hve mánaðarleg varmaorkuvinnsla hefur í heildina aukist með dælingu úr holu 8 en þessi munur var áður brúður með upphitun í kyndistöðinni sem brennir svartolíu.



Allmikill hluti vatnsins sem dælt er úr holum 4 og 5 er kalt vatn sem berst frá Urriðavatni niður í jarðhitakerfið, hitnar þar upp og blandast öðru heitara við dælingu í holunum. Ef reiknað er með að dvínandi styrkur klóríðs í vatni dældu úr holunum árið 1983 túlki blöndunarhlutfallið lætur nærri að ætla $2/3$ hluta vatns úr holu 5 og helming vatns úr holu 4 komið þessa leið úr Urriðavatni sjálfu. Úr holunum var dælt samanlagt um 750 þús. tonnum alls og 58/100 hlutar þess eru 435 þús. tonn en það þýðir að 13-14 l/s eru teknir úr Urriðavatni. Ólíklegt er að allrar þessarar vatnstöku gæti til minnkunar á frárennsli Urriðavatns þar sem grunnvatnslinsan hlýtur að ná allnokkuð út fyrir Urriðavatn, en vatnsaflstöðin sem knúin er af frárennslinu mun þurfa 70-80 l/s.

Hitaveitan hefur frá upphafi notað svokallað hemlakerfi við orkusöluna, þ.e. selt ákveðið vatnsmagn en ekki notaða varmaorku. Þetta kerfi er ódýrt í uppsetningu og viðhaldi og hefur trúlega verið valið af þeim sökum. Þar sem nú kemst stöðugleiki í varmaorkuvinnslu hitaveitunnar með vinnslu úr holu 8 er ekki úr vegi að velta fyrir sér möguleikum á raunhæfari orkusölu. Í því sambandi má til dæmis benda á að íslenska fyrirtækið Örtölvutækni sf. er með á forhönnunarstigi orkumæli til fjöldaframleiðslu sérstaklega gerðan fyrir heitt vatn.



3 HOLA 4

Út frá gögnum sem náðu til nóvember 1982 var því spáð að hitastig vatns úr holu 4 yrði í byrjun nóvember 1983 komið niður í $47,5^{\circ}\text{C}$ nema minnkuð yrði dæling úr holum 4 og 5 eða þá annari hvorri þeirra (Jón Benjamínsson o.fl. 1982). Mynd 5 sýnir þennan spáferil ásamt hitastigi og klóríðstyrk árin 1982 og 1983. Í ljós kemur að hitalækkunin er 2°C minni en spáð var. Á þessu tímabili hefur hitafall ekki ætíð verið jafnhvætt og er greinilegt að mjög hægir á því tímabilin júlí-desember 1982 og maí-júlí 1983 en það má rekja til lengri dæluhléa í holu 5 vegna hlýrra veðurs. Sjálfvirki dæluofinn var fluttur af holu 5 yfir á holu 4 hinn 13. júlí 1983 og var þar allt þar til byrjað var að dæla úr holu 8 hinn 14. desember 1983.

Á meðan var dælt stöðugt úr holu 5 nema þegar aðgerðir við holu 8 kröfðust annars. Á þessu tímabili lækkaði vatnshitastigið í holu 4, sjá mynd 5. Ástæðan er að líkindum sú, að þegar undirprýstingi er aflétt á svæðinu umhverfis holuna nær kaldara vatn að safnast fyrir. Þessa gætti svo fyrst eftir að holan fór í gang, en vegna þess hve stuttan tíma hún gekk í einu fékkst ekki heitara vatn. Engar marktækar breytingar urðu samt á efnainnihaldi vatnsins sem bent gætu til

meiri blöndunar, þvert á móti hélst það óbreytt. Talið er að hröð lækun í klórstyrk þýði aukna blöndun frá yfirborðs- eða grunnvatni og í kjölfarið komi hitahrap (Jón Benjamínsson o.fl. 1982). Frá því um vorið 1983 hefur klórstyrkur ekki læknað í holu 4 og bendir það til þess að blöndun hafi ekki aukist á þeim tíma.


Dælingu úr holu 4 var hætt 14. desember 1983 og er holunni nú ætlað að þjóna sem varahola. Sjálfrennslis varð vart úr holunni 20. febrúar 1984 og mældist 46°C heitt, en nánar verður fjallað um sjálfrennslíð síðar í skýrslunni. Hinn 11. mars 1984 mældist sjálfrennslíð 57,1°C heitt og gera má ráð fyrir að það haldi áfram að hitna svo fremi að það haldist ótruflað eftir að dæling eykst úr holu 8.



4 HOLA 5

Á mynd 6 er sýnt hitastig og klórinnihald í holu 5 ásamt spáferlinum frá árinu 1982. Í ljós kemur að hitastig í desember 1983 er hið sama og spáð hafði verið. Dæluhléin, sem aðallega verða í holunni yfir sumarmánuðina endurspeglast í hitaferlinum með stöðvun eða minnkun á hitafalli. Hinn 13. júlí var sjálfvirki rofinn fluttur á holu 4 og því dælt nokkuð samfellt úr holu 5 allt þar til hola 8 var tengd 14. desember með nokkrum hléum þó vegna aðgerða í holu 8. Mynd 7 sýnir meðaltals vatnsmagn dælt úr holu 5 seinni hluta árs 1983. Hitastig vatnsins er einnig sýnt og ennfremur ýmsar borunaraðgerðir í holu 8. Á myndinni sést hitafallið sem varð í holu 5 þegar 11 l/s skoltap

varð á 225 m dýpi í holu 8. Litaðist þá vatnið í holu 5 og samtímis fór að renna úr holu 3. Ekki er til sýni af þessu vatni, en sennilega hefur mest af því skolvatni sem tapaðist komið upp í holum 5 og 3. Hitafallið sem varð í holu 4 á miðju sumri er hinsvegar ekki hægt að rekja til áhrifa frá boruninni. Hola 5 hefur frá 14. desember verið notuð til áfyllingar í miðlunartankinn.




5 TENGSL HOLA 4 OG 5

Við dælu- og þrýstiprófanir í holum 4 og 5 kom í ljós samband á milli vatnsborðsbreytinga í holum 4, 5 og 3 (Þorsteinn Thorsteinsson o.fl. 1979, Gísli K. Halldórsson 1982) og er álitnið að þær taki vatn úr sama veitinum eða fæðið (Jón Benjamínsson o.fl. 1982). Kenniefni var sett í Urriðavatn vorið 1983 og kom fram í báðum holum 4 og 5 (Jón Benjamínsson og Sigmundur Einarsson 1983) og staðfesti þá tilgátu að leki frá Urriðavatni sjálfu niður í jarðhitakerfið væri aðalorsök kólnunarinnar. Eins og áður hefur komið fram í þessari skýrslu þá varð fyrst vart við sjálfrennsli úr holu 4 hinn 20. febrúar 1984, um tveimur mánuðum eftir að hún var stöðvuð, og mældist 46°C heitt. 11. mars 1984 mældist rennslið 0,8 l/s kl 10:24 og nokkru síðar eða kl 11:55 mældist það einnig 0,8 l/s en í bæði skiptin mældist sama hitastig á vatninu 57,1°C. Tveimur dögum síðar voru könnuð áhrif 25 mínútna dælingar úr holu 5 á sjálfrennsli holu 4. Dælt var 14 l/s. Mynd 8 sýnir þetta samband. Þar kemur í ljós að rennsli hefur minnkað um ríflega helming á þessum 25 mínútum. Athygli vekur hve hratt sjálfrennslið eykst þegar dælingu er hætt.

Fylgst var einnig með hita vatnsins úr holu 5. Eins og sést á mynd 8 þá var hann 45,8°C eftir 2 mín. dælingu, 47,0°C eftir 7 mín. og 45,6°C eftir 12 mínútur og 45,5°C eftir 16 mínútur en fór svo að hækka á ný og var kominn í 46,4°C eftir 20 mínútur eða í lok dælingar.


Eftirtektarverður er hitatoppurinn sem mældist eftir 7 mínútur. Sé hann raunverulegur getur hann verið vísbending um millirennisli, þ.e. að vatn úr heitari æð hafi sest fyrir í kaldari æð, en líkleggra er þó að þarna sé um mislestur á mæli að ræða, eigi að vera 45,7°C í stað 47,0°C.

Hitastig í holu 5 eftir um 40 mínútna dælingu 11. mars 1984 reyndist 48,9°C og hefur hækkað um 0,6°C frá því nóv/des 1983 er hola 8 var tekin í notkun.



6 HOLA 6

Undanfari kólnunar vatnsins í holum 4 og 5 voru hægfara breytingar á efnainnihaldi vatnsins og var það túlkað sem líkleg íblöndun grunnvatns (Jón Benjamínsson 1981, Jón Benjamínsson o.fl 1982). Í skýrslu Orkustofnunar frá árinu 1983 (Jón Benjamínsson 1983) um ástand vinnsluhola Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella er frá því skýrt að engar breytingar væru í efnainnihaldi vatnsins úr holu 6 sem bentu til þess að vatnið ætti eftir að kólna. Kenniefni sem sett var niður vorið 1983 skilaði sér einungis í holur 4 og 5 en ekki í holu 6. Mynd 9 sýnir hitastig og klórgildi í holunni frá því hún var tekin í notkun síðla sumars 1982. Styrkur klóríðs hefur haldist óbreyttur og hitastig einnig nema með þeirri undantekningu að í ágúst 1983 mældist hitastigið $61,8^{\circ}\text{C}$ í september 1983 var það $61,7^{\circ}\text{C}$ og í október $61,6^{\circ}\text{C}$ en í nóvember $61,7^{\circ}\text{C}$. Þessi sveifla í hitanum er á sama tíma og borun holu 8 fór fram. Ekkert verður þó fullyrt um tengsl þar á milli. Dælan í holu 6 var stöðvuð 11. desember 1983 og flutt yfir í holu 8 þar sem hún var sett af stað 14. desember 1983. Dæluskúrinn var jafnframt fluttur af holu 6 yfir á holu 8 þannig að hlutverki holu 6 sem vinnsluholu er lokið í bráð, en fylgst verður með vatnsborði og hitastigi í henni áfram.



7 HOLA 8

Eins og kom fram í inngangi þá var boruð kjarnahola - hola 7 - á undan holu 8 til þess að ákveða halla á meginvatnsleiðara og auðvelda þannig staðsetningu hennar. Holunni var svo valinn staður með það fyrir augum að skera vatnsleiðarann á 800-1400 m dýpi og þess vænst að nægilegt magn af um 70°C heitu vatni fengist til að sú hola ein dygði fyrir hitaveituna (Sigmundur Einarsson o.fl. 1983). Holan var boruð með Narfa, verknúmer 2037 frá 2/8 til 16/11 83. Um 4 l/s vatnsæð kom á um 500 m dýpi og önnur á um 600 m dýpi. Umtalsverð aukning varð svo á um 700 m dýpi. Var þá loftdælt 21 l/s af 69°C heitu vatni við 5 m niðurdrátt. Segja má að eftir það hafi vatnsaukning verið við hvert dagsverk niður í um 870 m. Að borun lokinni í 1006,6 m var holan dæluþeynd í stuttan tíma og benda fyrstu niðurstöður til að dæla megi 30-35 l/s úr holunni til að byrja með (Þorsteinn Thorsteinsson munnl. uppl. 1984). Frá því 14. desember hefur verið dælt 23-24 l/s af 76,7°C heitu vatni við um 10 m niðurdrátt. Telja má því að þær vonir sem bundnar voru holunni hafi ræst.

Allnokkur sýni hafa verið tekin af vatninu sem kemur úr holunni og sum þeirra meðan á borun stóð. Mynd 10 sýnir á hvaða dýptarbilum vatn hefði hugsanlega getað komið inn í holuna og einnig númer vatnssýna sem tekin voru. Niðurstöður um þau efni sem greind hafa verið (sjá töflu 3) benda til þess að vatnið sé allt úr sama veiti og er engan marktækan mun að sjá nema að vatn sem kom í holuna á ca 500 m dýpi mældist innihalda 0,1 ppm H₂S eftir nokkurra daga geymslu vatnsins á brúsa og fannst þá jafnframt af því greinileg brennisteinslykt.

Vatn var tekið í söfnunartúpu 24. nóvember og mældist í því vottur af brennisteinsvetni. Í sýni sem tekið var 11. mars 1984 mældist 0,16 ppm brennisteinsvetni en lykt fannst ekki. Einnig mældist 0,10 ppm brennisteinsvetni í vatninu sem rann úr holu 4 en það er í samræmi við áður birtar greiningar (Jón Benjamínsson 1978) á sjálfrennsli úr holu 4. Niðurstöður þeirra efna sem greind hafa verið í sýnum teknum 11. mars 1984 eru í töflu 2.

Tafla 2. Urriðavatn. Styrkur nokkurra efna (ppm) í vatni úr borholum 4, 5 og 8 frá 11. mars 1984 auk gamallar greiningar frá 1977 af sjálfrennsli holu 4


Staður	Dags. nr.	Hitastig °C	pH/°C	CO ₂	H ₂ S	F
Hola 4	771220-200	63	9,84/23	8,4	0,1	0,71
Hola 4	840311-040	57,1	9,80/22,2	13,9	0,10	0,60
Hola 5	840311-041	48,9	9,72/22,2	24,6	<0,05	0,37
Hola 8	840311-039	76,7	9,83/22,2	9,8	0,16	0,75

JHD-JEF-7506-JBen
84.04.0541.0D

Mynd 10

URRIÐAVATN

Hola 8. Númer vatnssýna ásamt
dýptarbili þar sem vatnið gæti
hafa komið inn í holuna



Tafla 3 Urriðavatn. Efnainnihald vatns (í ppm)
úr borholu 8 árið 1983

Dags.	Sýni nr	Hiti °C	pH/°C	SiO ₂	Na	K	Ca	Mg	CO ₂	SO ₄	H ₂ S	Cl	F	Uppl. efni
830918	235	38,0	9,18/23	67	74,4	1,09	7,50	0,10	18,8	61,6	0,1	51,4	0,71	303
831022	287	1) 68,0	9,70/20	65	74,1	1,27	8,14	0,03	9,1	60,9	em	50,1		
831029	281	2) 72,8	9,80/20	65	71,3	1,21	8,00	0,04	10,9	61,3	-	51,6	0,72	
831030	282	3) 73,2	9,72/20	66	71,3	1,21	7,68	0,03	10,9	61,1	-	51,8	0,72	
831031	283	4) 73,0	9,70/20	65	71,6	1,22	7,84	0,03	11,7	61,0	-	51,6	0,72	
831101	284	5) 74,5	9,75/20	66	70,7	1,21	8,07	0,02	10,9	61,3	-	50,8	0,72	
831102	285	6) 74,8	9,70/20	65	71,8	1,20	7,89	0,02	10,0	61,1	-	51,1	0,72	
831116	286	7) 76,0	9,90/20	64	71,6	1,22	10,24	0,05	9,1	61,4	-	51,3	0,72	306
831124	288		9,80/21	66	71,9	1,20	7,72	0,00	11,7	60,9	0,1	52,0		294
831214	309		9,80/21	63	73,3							52,0	0,74	
831214	310	76,6	9,83/21	62	72,4							52,5	0,77	
831215	311	76,8	9,80/21	64	73,6							52,9	0,77	
831215	312		9,80/21	65	72,2							52,3	0,77	
831215	316	76,8		64	72,1									
831216	313	76,7	9,80/21	63	71,5							54,3	0,77	
831217	314		9,80/21	63	73,1							52,5	0,77	
831220	315	76,6		63	72,7									
831220	317	76,7		64	75,0									
831226	318	76,7		65	73,3									

- 1) Daginn fyrir sýnatöku var loftdælt 21 l/s við 5 m niðurdrátt og hitastig vatnsins mældist hæst 69°C. Sýni tekið eftir næturlangt sjálfrennsli. Holudýpt 703 m.
- 2) 11,5 l/s sjálfrennsli að morgni og vatnshitastig 72,8°C.
Síðan loftdælt 35 l/s við 42,5 m nniðurdrátt. Dýpi 772 m.
- 3) Sýni tekið kl 8 eftir næturlangt rennsli. 14 l/s sjálfrennsli af 73,2°C heitu vatni. Loftdælt 39,5 l/s. Dýpi 798 m.
- 4) Sýni tekið að morgni af 14 l/s sjálfrennsli af 73,5 heitu vatni. Loftdælt 39,5 l/s. Dýpi 824 m.
- 5) Sýni tekið úr 14,5 l/s sjálfrennsli af 74,7°C heitu vatni. Loftdælt 44 l/s við 29,7 m niðurdrátt. Dýpi 855 m.
- 6) Sýni tekið úr 14 l/s sjálfrennsli af 74,8°C heitu vatni.
- 7) Borun lokið. Vatnssýni tekið eftir að holan hafði staðið lokuð að lokinni loftdælingu

8 GAS

Venja hefur verið að safna gasi sem kemur með holuvatninu þegar því hefur verið safnað. Ekkert sjáanlegt gas kom í sjálfrennsli holu 4 og úr holu 5 var reynt að safna gasi í 20 mínútur án nokkurs árangurs og túlkast á þann veg að ekkert gas hafi verið í holu 5. Öðru máli gegndi um holu 8, þar mældist um 4,2% rúmmál þess sem dælt var úr holunni vera gas eða 1,04 l/s. Við súrefnismælingar í kyndistöðinni kom í ljós að allmikið gas var enn með vatninu, þ.e. hafði ekki afgasast fullkomlega í miðlunargeyminum. Gasi var safnað í kyndistöðinni um leiðslu sem er tengd ofan á aðfærsluæð hitaveitunnar. Er þetta hinn venjulegi sýnatökustaður merktur D á mynd 11. Ópið var inn á ketilinn jafnframt því sem framhjáloki var opinn. Rúmmál gass mældist 0,99% af heildarrenslinu, en þess ber að gæta að söfnunarstútur liggur ofan á stofnæðinni og því ekki allskostar marktækt hlutfall. Á þessum sama stað hefur gasrúmmál verið mælt tvisvar sinnum áður sjá töflu 4.

Tafla 4. Rúmmálshlutfall gass í stofnæð


Dagsetn.	% gas
830311	1,0
830307	< 0,002
820328	0,1

Eins og tölurnar bera með sér er um allmikla aukningu að ræða. Nú er dælt 23-24 l/s úr holu 8 en með tilkomu nýrrar dælu verður vatnsmagnið aukið eftir þörfum upp í 30-35 l/s. Má búast við að hlutfall gass í stofnæðinni aukist heldur en hitt. Æskilegt væri því að afgasa vatnið betur t.d. með afloftunarloka í kyndistöðinni eða þá með slaufulokum svo sem bent er á í grein Ásbjörns Einarssonar (1982A). Tafla 5 sýnir efnasamsetningu gass sem safnað var úr holu 8 og úr stofnæð inni í kyndistöðinni. Efnafræðilega er það mjög áþekkt því gasi sem áður var dælt upp með vatni úr holum 4 og 5.

JHD-JEF-7603 - J. Ben.
82.08.1007 IS

Mynd II

Einfölduð mynd af veitukerfi HEF er sýnir hvar í kerfinu uppleyst súrefni í vatni hefur verið ákvarðað



Tafla 5 Samsetning og hlutfall gass (%) í borholu 8 og kyndistöð úttak

	Dags.	CO ₂	H ₂ S	H ₂	O ₂ +Ar	CH ₄	N ₂	Gas í vatni
Hola 8	840311	0,02	0,00	0,01	1,47	0,34	98,17	4,2
Kyndist. úttak	840311	0,01	0,00	0,15	7,78	0,20	91,86	0,99

Af óviðráðanlegum ástæðum tókst ekki að skilja að súrefni og argon og er magnhlutfall þeirra því birt sem ein tala.

Um alllangt skeið hafa farið fram skoðanaskipti um nýtingu gassins (methan-brennslu) fyrir kyndistöðina og eða vinnslu gass annarsstaðar svo sem við Þrælavakir, og leiða heim að kyndistöð. Segja má að forsendur slíkra aðgerða séu brostnar með tilkomu holu 8 þar sem ekki er nú þörf á að reka kyndistöðina. Eftir stendur þó möguleiki einstakra býla að nýta methangas til brennslu.

Með því vatni sem nú er dælt upp úr holu 8 koma um 12,7 l/klst. af methangasi. Sé dælt 30 l/s af vatni koma um 16 l/klst. af methangasi og ef dælt er 35 l/s koma um 18,5 l/klst. af methangasi með vatninu.

Methanið kemur ekki hreint og er það einungis 0,34% af rúmmáli alls gassins sem kemur upp en rúmlega 98% þess er köfnunarefni. Til eru aðferðir við að skilja methanið frá en því fylgir nokkur kostnaður. Auk þess þarf viðeigandi pressu og þrýstikút til forðasöfnunar.

Benda má á að víða erlendis ganga bílar fyrir kosan-gasi. Auðvelt og ódýrt er að breyta bensíndrifnum bíl í að brenna gasi og vitað er að allnokkrir bílar héraendis ganga fyrir kosangasi. Ekki er því úr vegi að athuga möguleika á vinnslu methangass í tengslum við borholu 8 til notkunar á bíla.

9 SÚREFNI

Niðurstöður mælinga frá mars og júní 1983 á uppleystu súrefni í vatni Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella sýndu að súrefnisstyrkur jókst úr 0,05 ppm í 0,2 ppm eftir að það kom í afloftunar/miðlunargeyminn (Jón Benjamínsson 1983, Ásbjörn Einarsson 1983B).

Hinn 8. ágúst 1983 var súrefni mælt við miðlunartank-úttak með CHEMets ampúlum af styrktarspönn 0-1 ppm. Svipað súrefnismagn mældist og fyrr á árinu 1983 en niðurstöður mælinganna eru birtar í töflu 6.

Tafla 6 Urriðavatn. Súrefnismæling 8. ágúst 1983.

	kl	Súrefni mælt í ppm					Meðaltal í ppb
		1	2	3	4	5	
Miðlunartankur		0,15-			0,2-		
úttak	17:00	0,2	0,2	0,2	0,25	0,2	200

Við það að hola 8 var tekin í notkun breyttist súrefnismagn í hitaveituvatninu. Í byrjun marsmánaðar 1984 voru gerðar súrefnismælingar við ýmsar aðstaður og verður gerð grein fyrir þeim hér á eftir. Notaðar voru CHEMets ampúlur af styrktarspönn 0-100 ppb nema annars sé getið. Gerðar voru a.m.k. 5 mælingar á hverjum stað. 5. mars 1984 var mælt súrefni við miðlunartankinn. Lofthiti mældist þá 0,8°C og talsverður vindur var. Á veðurathugunarstöðinni að Eyvindará mældist klukkan tólf 3°C hiti og logn. Niðurstöður eru í töflu 7.

Tafla 7 Urriðavatn. Súrefnismælingar 5. mars 1984

Staður	Kl	Hiti °C	Súrefni í ppb					meðaltal
			1	2	3	4	5	
Miðlunartankur-inntak	17:45	75,5	10-20	60	20-30	10	80	38
- " - úttak	18:30	69,3	80-100	60	80	60-80	60-80	74

Athygli vekur hve súrefnismagn er sveiflukennt við inntakið. Hitastig vatnsins var mælt með tölulegum viðnámshitamæli en er ónákvæmt sökum þess að vindur truflaði mælingu.

Næsta mæling var gerð á vatninu í kyndistöðinni áður en það fer inn á kyndarann, sjá töflu 8.

Tafla 8 Urriðavatn. Súrefnismæling 8. mars 1984

Staður	Kl	Hiti °C	Súrefni í ppb					meðaltal
			1	2	3	4	5	
Kyndistöð-inntak	16:00	74	10	10	10	80	30	28

80 ppb og 30 ppb gildin benda til þess að súrefnið geti komið í hviðum. Klukkan 15 mældist 8,5°C hiti á Eyvindará og logn.

Hinn 11. mars var súrefni mælt við holurnar og miðlunartankinn og í kyndistöð (tafla 9). Um kl 18:30 var gola og -2°C við miðlunartankinn á Valgerðarstaðaáasi. Á Eyvindará mældist -1°C kl 18, -3°C kl 21 og logn.

Tafla 9 Urriðavatn. Súrefnismælingar 11. mars 1984

Staður	Kl	Hiti °C	Súrefni í ppb							meðaltal
			1	2	3	4	5	6	7	
Hola 5	18:00	48,1	20	20	20-30	20	20			21
Hola 8	15:15	76,7	30-40	30-40	30-40	30-40	30-40			35
Miðlunart.-inntak	18:50		20-30	10	20	40	20			23
- " - -úttak	19:00		60	40	60	40	10			42
Kyndist.-inntak	21:20	74	40	60	40-60	40	30-40	40	40	44
- " - -úttak	21:50	74	60	60	60-70	60	60	60-70		62

Þegar súrefni var mælt í holu 5 var vatnshitastigið 48,1°C og gróf rennslismæling úr holu 4 gaf 0,2 l/s. Með tilvísun til myndar 9 má ætla að dælan hafi þá verið búin að ganga a.m.k. 25 mín.

Með því að reikna magnhlutfall þess sem er dælt úr holunum fæst að blanda þeirra ætti að innihalda 30 ppb súrefni en það mælist lægra eða 23 ppm við miðlunartank-inntak. Ekki er ljóst hvað veldur en bent skal á að nokkrum dögum áður mældist 38 ppb við miðlunartank-inntak og var það í vatni frá holu 8 einni. Súrefni mælist nokkru hærra eftir að það kemur út úr miðlunartankinum. Einnig virðist aukning verða á súrefni frá kyndistöð-inntak til kyndistöð-úttak en hafa ber í huga

að rennsli var frjálst í gegnum kyndarann. Við miðlunartank-úttak var um kl. 19 mælt í tvígang með ampúlum af styrktarspönn 0-1 ppm og reyndust niðurstöður < 0,05 ppm og 0,05 ppm og er það í samræmi við mæliniðurstöður með hinum ampúlunum.

Hinn 13. mars 1984 var súrefni mælt við miðlunartank ýmist með holu 8 eina inni eða þá báðar holur 8 og 5 inni samtímis. Sama dag var súrefni mælt kyndistöð-inntak. Við miðlunartank var 4°C hiti og andvari. Að Eyvindará mældist 5°C og logn kl 12 en kl 15 mældist 7°C og logn. Mæliniðurstöður eru birtar í töflu 10.

Tafla 10 Urriðavatn. Súrefnismælingar 13. mars 1984

Staður	Kl	Hiti °C	Súrefnismæling í ppb						meðaltal
			1	2	3	4	5	6	
Höla 8 ein inni									
Miðlunart.-úttak	11:05	60	80	60-80	60	60		70	
- " - -inntak	11:15	69,2	40-60	10	60	20	30	34	
Höla 5 gangsett 11:15									
Miðlunart.-innt.	11:35	60,1	40	20	20	30	20	26	
- " - "	11:40	60,5	0-10	0-10	0	0-10	0	1-10	3
Höla 5 stöðvuð 11:43									
Miðlunart.-úttak	11:53	67,4	40-60	40	40	40	40	42	
- " - -inntak	11:55	63,4							
- " - "	11:56	64,1							
Kyndist-inntak	15:40		20-30	10-20	40	10-20	10	21	

Tekið skal fram að hitastig var mælt við slæmar aðstæður ofan í trekt-laga sýnatökubúnaði sem tengdur var 2 m langri 5 mm slöngu. Mælt hitastig er því ekki raunverulegt og innbyrðis samkvæmi ekki góð en þó nothæf til að merkja hvenær vatns úr holu 5 tók að gæta. Mæliniðurstöðurnar í töflu 10 sýna að súrefnisinnihald er lægra þegar vatnið úr holu 5 blandast vatni úr holu 8. Ekki er ljóst hvað veldur.

Í töflu 11 er birt meðaltalsgildi allra mælinganna. Af þeim má draga eftirfarandi ályktanir.

- 1) Í blöndu frá holum 5 og 8 mælist minna súrefni við miðlunartank-inntak heldur en þegar einungis er dælt úr holu 8 og jafnframt minna heldur en raunveruleg blanda ætti að innihalda.
- 2) Súrefni virðist aukast um helming í miðlunartankinum en er nú 42-74 ppb í stað 200 ppb fyrir ári síðan.
- 3) Heldur meira súrefni mælist í kyndistöð-úttak heldur en kyndistöð-inntak. Ef til vill stafar það af legu sýnatökustaða. Vatnið hafði frjálst rennsli um ketilinn.

